

Nr. 24/1877:

Hið opinbera

gegn

Eyjólfí Jónssyni í Katrínarkoti.

Dómur.

Með dómi, uppkveðnum fyrir lögreglurjetti Gullbringusýslu 28. maímán. þ. á. af landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni, sem settum lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, er Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti dæmdur fyrir óhlýðni gegn fyrirskipunum lögreglustjórans um smölun og böðun á fje sínu í 20 kr. sekt, og til að greiða Sigurði hreppstjóra Vigfússyni 4 kr., sem og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en þeim dómi er bæði eptir ósk hins kærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, hefur byggt vald sitt, til að fara með og dæma framannefnt mál, á umboðsskrá konungs til hans, dags. 26. septembermán. f. á., til að gegna störfum þeim viðvíkjandi fjárkláðasýkinni, sem hvíla á lögreglustjórum á Íslandi. Í umboðsskrá þessari, sem gefin er út af ráðherra Íslands eptir konungsboði (ad mandatum), og prentuð er í «Stjórnartíðindum fyrir Ísland» árið 1876, deildinni B, 101.—102. bls., í íslenzkri þýðingu — frumritið hefur yfirdómurinn ekki haft fyrir sjer — segir, að Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni «veitist vald til að gegna fyrst um «sinn á sjálfs síns ábyrgð öllum þeim störfum, bæði «dómarastörfum, framkvæmdarstörfum og fógetastörfum, snertandi fjárkláðasýkina, bæði í þeim hjeruðum «suðurumdæmisins, er sýkinnar hefur vart orðið að «undanförnu, og hvar annarstaðar á Íslandi, er kláði «kann að koma upp eptirleiðis, er ella mundu liggja á «lögreglustjórum þeim, sem skipaðir eru í hlutaðeigandi

«hjeruð». Að vísu er Jóni landshöfðingjaritara Jóns-
syni með þessum orðum umboðsskrárinnar einasta veitt
vald til að gegna þeim dómara- og fúgetastörfum,
um, snertandi fjárkláðasýkina, sem ella mundu bera
undir hlutaðeigandi lögreglustjóra, þar sem þó lögreglu-
stjórar sem slíkir ekki hafa neitt dómvald; en með
því að gjöra verður ráð fyrir, að orðin «dómara-
störfum» og «fúgetastörfum» ekki standi þýðingarlaus í um-
boðsskránni, og að hins vegar orðið «lögreglustjórum»
sje valið með ásettu ráði, þá virðist eiga að skilja um-
boðsskrána svo, að nefndum embættismanni sje veitt
dómara- og fúgetavald í öllum lögreglumálum, er snerta
fjárkláðasýkina.

Þar sem nú opt nefnd umboðsskrá þannig fer fram
á, að dómara- og fúgetavald í öllum lögreglumálum,
sem snerta fjárkláðasýkina, skuli um allt land tekið
frá hinum reglulegu dómurum og fúgetum, og falið á
hendur einum manni á hans eigin ábyrgð um ótiltek-
inn tíma, «fyrst um sinn», sbr. orðin: «hvar annar-
staðar á Íslandi, er kláði kann að koma upp eptir-
leiðis», fær yfirdómurinn ekki betur sjeð, en að hjer
sje gjörð sú breyting á skipun dómvaldsins, sem eptir
42. gr. stjórnarskrárinnar ekki verður ákveðin nema
með lögum. Hins vegar fær yfirdómurinn ekki sjeð, að
13. grein stjórnarskrárinnar veiti næga heimild til, að
gjöra svo yfirgripsmikla undantekningu undan gildandi
lögum, eins og hjer er gjört, því þó að það hafi borið
við, að skipaðir hafi verið Commissarii til að dæma
einstakt tiltekið mál, þá hefur að minnsta kosti síðan
1718, að norsku lög voru lögleidd hjer á landi, að því
er snertir rjettarfar og málaferli, ekkert Commissorium
verið út gefið, er veiti einstökum manni, eða einstök-
um mönnum vald til að fara með og dæma heilan

flokk af málum, hvar sem þau koma fyrir á landiau, og um alveg ótiltekinn tíma.

Yfirdómurinn verður þannig að álíta, að ofannefnt konunglegt Commissorium frá 26. septembermán. f. á komi í bága við 42. gr. stjórnarskrárinnar, samanberna við 13. gr. hennar, að því leyti, sem Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni með því er veitt dómara- og fótgetavald um allt land og um ótiltekinn tíma í öllum lögreglumálum, sem snerta fjárkláðasýkina, og hann því ekki hafi getað byggt á því myndugleika til að fara með og dæma mál það, sem hjer er undir áfrýjun.

Með því að málið þannig verður að skoðast sem dæmt af manni, er ekki hafði nægilega heimild til að sitja í dómarasæti, þá ber að dæma hinn áfrýjaða lög- reglurjettardóm og alla meðferð málsins í hjeraði ó- merkt. Allur málskostnaður, þar á meðal málsfærslu- laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 12 krónur til hvors, borgist úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði pólitirjettardómur og öll meðferð málsins í hjeraði á ómerkt að vera. Allur máls- kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanna Páls Melsteðs og Guðm. Páls- sonar, 12 kr. til hvors, borgist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 12. nóvembermán.

Nr. 28/1877:

Rjettvísín

gegen

Sigvalda Halldórssyni.

Dómur.

Í sök þessari er |Sigvaldi Halldórsson ákærður fyrir